

Sendandi: Gunnar Arnarson 170157-5249 og Kristbjörg Eyvindsdóttir
100157-4469,

Grænhóli, 816 Ölfusi : 31.10.2018

Athugasemd við þingskjal 182-179.mál. Stjórnarfrumvarp.

„Gjald í Stofnverndarsjóð“

1. Inngangur: að tillögu hagsmunasamtaka er lagt til að innheimt verði 3.500,- krónur af hverju útfluttu hrossi í sjóð sem viðkomandi samtök hafa yfirumsjón með. Stenst það lög og jafnræðisreglur að hagsmunasamtök geti krafist skattlagningar af ákveðnum afmörkuðum hópi einstaklinga?
Undir hvaða skattalög fellur viðkomandi skattlagning, tekjuskatt?, eignaskatt?, nefskatt?, fjármagnstekjuskatt?.....
2. Skilgreining á gjaldinu er engin og viðist upphæð gjaldsins markast af þeim hugmyndum sem Bændasamtök Íslands setja fram hverju sinni. Virðist vera hægt að setja fram hvaða upphæð sem er, að þessu sinni vilja þeir hækka gjaldið um rúmlega 133%
3. Skattlagning af þessu tagi þarf að standast lög og mæli ég með að leitað verði álits umboðsmanns alþingis eða Evrópudómsstóls á lögmati gjaldtöku. Stofnverndarsjóður varð til með ólögmati gjaldtöku á sínum tíma. Bændasamtök Íslands ákváðu verðmæti kynbótahrossa sem flutt voru úr landi og samkvæmt þeim skala sem þau gáfu út þurftu seljendur stóðhesta að greiða 20% af hverjum stóðhesti (skv. þeirri verðskrá sem Bændasamtökin settu upp, óháð því hvort

hesturinn seldist á lærri upphæð) af hryssum þurftu seljendur að greiða 10%. (sama fyrirkomulag um verðmæti).

Hver er tilgangur Stofnverndarsjóðs? Samkvæmt úthlutun sjóðsins á tveimur síðustu árum var veitt : 3.000.000,- í bókaútgáfu á vegum Hólaskóla, 4.000.000,- í kaup á myndefni fyrir Worldfeng, 1.750.000,- í Sögusetur íslenska hestsins (þar af 750.000,- í bókaútgáfu) og 900.000,- til „**Bændasamtaka Íslands**“ vegna gagnabanka um liti, á sama tíma er því hafnað að styrkja rannsóknir á drómasýki í ísl. hestum, erfðarannsókn á litförótta litnum ofl.

Fæst af þessu kemur stofnvernd við eða getur talist þróunar og rannsóknarverkefni í hrossarækt. Ekki virðist vanþörf á að kanna mikilvægi sjóðsins og hlutverk hans.

4. Í 4.grein segir „ekki er tilefni til að ætla að frumvarpið stangist á við stjórnarskrá eða hafi áhrif á alþjóðlegar skuldbindar ríkisins“. Tel ég rétt að fá úr þessu skorið á óyggjandi hátt. Hér er verið að skattleggja mjög takmarkaðan hóp seljenda hrossa, hvað með aðra seljendur t.d. þá sem selja hross innanlands?
5. Það skýtur skökku við ef að seljendur 1.200 – 1.400 hrossa á ári eigi einir að fjármagna „eina þróunarsjóð hrossarætarinnar“ er þetta ekki mál sem þarf breiðara bakland, væri ekki réttara að gjaldið kæmi frá öllum ræktendum íslenska hestsins en ekki bara örfáum „útvöldum“ einstaklingum. Eru ekki einhverjar jafnræðisreglur sem gilda hvað þetta varðar?
6. Mat á áhrifum : Talið er að gjaldið hafi óveruleg áhrif og hækkun gjaldsins talin óveruleg (bara 133%) Ég er því ekki sammála, gjaldið er ótengt söluverðmæti hrossanna og oft á tíðum er verið að afsetja ódýr hross, trippi og annað sem eru að seljast á mjög lágum upphæðum, jafnvel rétt yfir sláturverði. Fyrir þá

sem eru að versla þessi ódýru hross er þetta nokkuð há % auk þess sem að önnur gjöld og kostnaður hefur farið hækkandi. Þetta safnast þegar saman kemur. Hrossasala er efrið og í samkeppni við erlenda framleiðslu. Það rírir því möguleika íslenskra seljenda að koma vöru sinni í verð eftir því sem kostnaður við útflutning eykst.

Virðingarfyllst:

Kristbjörg Eyvindsdóttir

100157-4469

Gunnar Arnarson

170157-5249

Grænhóli

816 Ölfusi

Ísland